September 2023

# Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
## Ársskýrsla 2022



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

# Efnisyfirlit

**Ávarp ráðherra** 5

**Hlutverk Jöfnunarsjóðs og starfsemi** 6

Ráðgjafarnefnd 6
Starfsfólk 7
Vefur 7
Ársfundur 8
Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 9
Fasteignasjóður 13
Úrbætur í aðgengismálum fatlaðs fólks 14
Aðkoma Fasteignasjóðs að verkefninu Römpum upp Ísland 15
Framlög til eflingar tónlistarfræðslu 15
Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk 15
Framlög vegna samþættingar á þjónustu barna 16
Samkomulag um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk 17
Verkefni Innheimtustofnunar færast til ríkisins 17
NPA 18

**Tekjur Jöfnunarsjóðs** 18

**Yfirlit yfir framlög Jöfnunarsjóðs** 19

Notendastýrð persónuleg aðstoð 24
Heildarframlög til sveitarfélaga 24
Fjárhagsleg aðstoð vegna sameiningar sveitarfélaga 25

**Ársreikningur 2022** 28

Staðfesting ársreiknings 29
Áritun ríkisendurskoðanda 30
Áritun óháðra endurskoðenda 31
Rekstrarreikningur árið 2022 33
Efnahagsreikningur 31. desember 2022 34
Sjóðstreymi árið 2022 36
Skýringar 37

**Framlög Jöfnunarsjóðs** 44

Framlög skipt eftir sveitarfélögum 45
Framlög skipt eftir landshlutum 46
Önnur framlög 46
Framlög vegna fatlaðs fólks 2022 47

**Skipan ráðgjafarnefnda** 48

**Stjórnarráð Íslands**
Innviðaráðuneytið

**Ársskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7 – 101 Reykjavík
545 8200 | irn@irn.is

September 2023 | ISBN 978-9935-494-53-5

Ábyrgðarmaður: Sigurður Ingi Jóhannsson
Umsjón: Innviðaráðuneytið
Umbrot: Jónas Þorbergsson
Forsíðumynd: Hari
Prentun: Pixel, umhverfisvottuð prentsmiðja

© 2023 – Innviðaráðuneytið

**stjornarradid.is**

# Ávarp ráðherra



Í sextánda sinn koma fulltrúar sveitarfélaga af öllu landinu saman á ársfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Lögð verður fram skýrsla þar sem greint er frá ársreikningi ársins 2022 og farið er yfir helstu þætti í starfsemi sjóðsins.

Óumdeilt er að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gegnir lykilhlutverki til að jafna aðstöðu ólíkra sveitarfélaga landsins svo þeim sé unnt að sinna þjónustu við íbúa þeirra. Mikilvægt er að jöfnunin sé sanngjörn og skilvirk og taki mið af útgjaldaþörfum og tekjumöguleikum sveitarfélaganna.

Undanfarin misseri hefur staðið yfir vinna við að endurskoða regluverk sjóðsins og skilaði starfshópur sem skipaður var fulltrúum ráðuneytis og sveitarfélaga tillögum þar um síðastliðið vor. Tillögurnar ganga m.a. út á að sameina helstu jöfnunarframlög sjóðsins í eitt framlag og einfalda þar með ásýnd hans. Tillögurnar hafa það í för með sér að gæði jöfnunar þessara helstu framlaga sjóðsins munu aukast mikið. Starfsmenn ráðuneytisins og sjóðsins kynntu tillögurnar fyrir flestum sveitarfélögum síðasta vor og verða þær enn fremur til umfjöllunar á ársfundinum.

Miklar breytingar hafa orðið á sveitarstjórnarstiginu síðustu áratugina. Sveitarfélögum hefur fækkað mikið og hlutverk þeirra í þjónustu við íbúa landsins hefur aukist mikið samfara verkefnatilfærslum frá ríki til sveitarfélaga. Regluverk sjóðsins hefur ekki fylgt þessari þróun og því fagna ég þessum tillögum og vonast til að umræðan um þær verði yfirvegaðar og sanngjarnar.

Til viðbótar við tillögu um sameiningu helstu jöfnunarframlaga sjóðsins lagði starfshópurinn til að aðrar breytingar verði gerðar á jöfnunarkerfinu sem lúta m.a. að því að horft verði til sérstakra aðstæðna sveitarfélaga sem glíma við sérstakar áskoranir í rekstri og að Reykjavíkurborg hljóti framlög úr sjóðnum vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál. Þá er lagt til að nýti sveitarfélög ekki útsvarshlutfall sitt að fullu komi til skerðingar á framlögum úr Jöfnunarsjóði.

Frumvarp til laga um framangreindar breytingar á Jöfnunarsjóði verður lagt fram á Alþingi í haust og hvet ég sveitarstjórnarmenn til að fylgjast vel með umræðum um málið í þinginu.

Að lokum óska ég sveitarstjórnarfólki velfarnaðar í störfum sínum og ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og starfsfólki hans þakka ég fyrir vel unnin störf.

*Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra*

# Hlutverk Jöfnunarsjóðs og starfsemi

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga starfar á grundvelli III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Hlutverk Jöfnunarsjóðs er að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins. Þá greiðir sjóðurinn framlög til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

## Ráðgjafarnefnd

Innviðaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs en honum til ráðuneytis er sjö manna ráðgjafarnefnd. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerir tillögur til ráðherra um úthlutun framlaga úr sjóðnum annarra en bundinna framlaga. Nefndin er skipuð af ráðherra til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Ráðherra skipaði frá og með 1. janúar 2023 nýja ráðgjafarnefnd. Sex nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn er skipaður án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.



| Nýskipuð ráðgjafarnefnd kom saman til fyrsta fundar þann 9. febrúar 2023.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs er skipuð til fjögurra ára og hana skipa:

- Guðmundur Baldvin Guðmundsson, fyrrverandi oddviti í bæjarstjórn Akureyrarbæjar, formaður
- Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar
- Theódóra S. Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogsbæ
- Dan Jens Brynjarsson, sviðsstjóri fjársýslusviðs Akureyrarbæjar
- Hrund Pétursdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Sveitarfélaginu Skagafirði
- Friðjón Einarsson, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ
- Hörður Hilmarsson, skrifstofustjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar

Varamenn:

- Sigtryggur Magnason, aðstoðarmaður ráðherra, varaformaður
- Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps
- Halla Karen Kristjánsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ
- Heimir Örn Árnason, forseti bæjarstjórnar Akureyrarbæjar
- Gísli Sigurðsson, bæjarfulltrúi Skagafjarðar
- Margrét Þórarinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ
- Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík

Fyrrverandi ráðgjafarnefnd sjóðsins eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf en hana skipuðu:

- Guðný Sverrisdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri, formaður nefndarinnar
- Birgir Björn Sigurjónsson, fyrrverandi fjármálastjóri Reykjavíkurborgar
- Karen E. Halldórsdóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Kópavogsbæ
- Daníel Jakobsson, fyrrverandi bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ
- Stefán Vagn Stefánsson, alþingismaður, fyrrverandi formaður byggðarráðs í Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar
- Margrét Þórarinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ

Ráðgjafarnefndin hélt þrettán bókaða fundi á árinu 2022.

Fundargerðir ráðgjafarnefndarinnar eru birtar á vef sjóðsins. Megintilgangur með birtingunni er að upplýsa sveitarstjórnarfólk og starfsfólk sveitarfélaga um starfsemi sjóðsins, umfjöllun og afgreiðslu erinda sem berast sjóðnum og tillögur nefndarinnar til ráðherra um úthlutun framlaga.

# Starfsfólk

- Guðni Geir Einarsson, forstöðumaður
- Árni Sverrir Hafsteinsson, sérfræðingur
- Gústav Aron Gústavsson, sérfræðingur
- Sigrún Dögg Kvaran, sérfræðingur

# Vefur

Á vef Jöfnunarsjóðs, jofnunarsjodur.is, er að finna allar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, lagagrundvöll, tekjur, úthlutun framlaga og fleira. Jafnframt er bent á upplýsingagátt Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem hægt er að finna á vef sjóðsins. Upplýsingagáttin veitir á gagnvirkan hátt aðgang að tölfræðiupplýsingum um framlög sjóðsins. Þar er hægt að skoða og bera saman framlög sjóðsins eftir landsvæðum og sveitarfélögum aftur til ársins 2013.

Fréttatilkynningar birtast á vefnum þegar ráðherra hefur samþykkt tillögur ráðgjafarnefndar um úthlutun einstakra framlaga sjóðsins.

# Ársfundur

Fimmtándi ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var haldinn 12. október 2022 á Hilton Hótel Nordica. Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra, fjallaði í ávarpi sínu um mikilvægi Jöfnunarsjóðs. „Jöfnunarsjóðurinn er mikilvægt jöfnunartæki svo hægt sé að halda úti góðri grunnþjónustu án tillits til fjarlægða eða íbúafjölda. Það er mín bjargfasta trú að hagsmunir samfélagsins séu að vel sé búið að byggðum um allt land. Að hagsmunir höfuðborgarsvæðis og smærri byggða út um land séu sameiginlegir," sagði ráðherra. Jafnframt áréttaði hann mikilvægi lögbundins hlutverks sjóðsins að styðja við sameiningar sveitarfélaga.

Ráðherra fjallaði um endurskoðun á regluverki sjóðsins og að regluverkið hafi ekki tekið grundvallarbreytingum frá því að hann hóf starfsemi sína og mikilvægt væri að hann taki mið af þeim breytingum sem orðið hafa á sveitarstjórnarstiginu. „Byggðasjónarmið hafa frá upphafi verið eitt megin leiðarstef sjóðsins og mun ég tryggja að svo verði áfram. Þá er mikilvægt að regluverk sjóðsins styðji vel við sameinuð sveitarfélög sem eftir sameiningu búa við flóknar útgjaldaþarfir."

Ráðherra fjallaði líka um málshöfðun Reykjavíkurborgar gegn Jöfnunarsjóði sem felst í kröfu borgarinnar upp á rúma 5 ma.kr. auk dráttarvaxta. Hann sagði kröfuna ekki beint gegn ríkissjóði heldur að Jöfnunarsjóðnum sjálfum og því í raun að öllum sveitarfélögunum. Hann hvatti Reykjavíkurborg til að draga kröfu sína til baka þar sem hún væri ekki til þess fallin að auka samstöðu meðal sveitarstjórnarfólks og styrkja sveitarstjórnarstigið. Hann sagðist jafnframt hafa „opnað á það að gerð yrðu frávik frá samkomulaginu 1996, sérstaklega hvað varðar greiðslur vegna grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál."

Að lokum vakti ráðherra athygli á verkefninu Römpum upp Ísland, sem Jöfnunarsjóður hafi tekið þátt í með beinum fjárstyrk. Markmiðið sé að byggja upp eitt þúsund rampa um allt land á næstu fjórum árum sem gerir fólki með skerta hreyfigetu auðveldara að komast um.

Guðni Geir Einarsson, forstöðumaður Jöfnunarsjóðs, fór yfir störf sjóðsins á árinu 2021 og ársreikning sjóðsins. Hann sagði stöðu sjóðsins sterka. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í lok árs 2021 nam 717 m.kr. og þess vegna hafi ráðgjafarnefnd samþykkt að hækka útgjaldajöfnunarframlög um 440 m.kr. Heildarframlög sjóðsins námu rúmlega 55,5 ma.kr. árið 2021 og fram kom að tekjuhalli sjóðsins hafi verið 121 m.kr. á árinu.

Guðni Geir sagði frá nýjum framlögum í samræmi við ný lög um samþættingu í þágu farsældar barna. Þau verði greidd til að mæta kostnaði sveitarfélaga við samþættinguna. Sjóðurinn fái framlag frá ríkissjóði árið 2022 í þessu skyni sem úthlutað yrði til sveitarfélaga í samræmi við reglur sem mótaðar verði á næstunni. Þá sagði Guðni Geir frá samstarfi við Öryrkjabandalag Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga um úrbætur á aðgengismálum hjá sveitarfélögum. Sjóðurinn legði 363 m.kr. til verkefnisins og sveitarfélögin geti sótt um að fá framlög vegna verkefna af þessu tagi. Hann upplýsti að enn væri talsverðum fjármunum óráðstafað og hvatti sveitarfélög til að nýta þetta tækifæri og sækja um.

Haraldur Líndal Haraldsson, hagfræðingur, flutti erindi á fundinum um þróun kostnaðar við þjónustu við fatlað fólk á tímabilinu 2018-2022. Fram kom í máli hans að tap sveitarfélaga vegna þjónustunnar hefði aukist talsvert á tímabilinu. Tekjur vegna þjónustunnar hefðu aukist um 13% en gjöld um 35%. Rekstrarhalli verkefnisins hefði þó aukist mismikið eftir þjónustusvæðum. Haraldur sagði mikilvægt að auka samráð milli þjónustusvæða og sveitarfélaga um hvernig þjónustan væri veitt, samninga og rekstur. Minni sveitarfélög væru í erfiðri stöðu og hann hvatti þau eindregið til að halda áfram að eiga samstarf við stærri sveitarfélög um að veita þjónustu við fatlað fólk.

Þá flutti Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, erindi um úttekt á þróun grunnskólans eftir aldarfjórðung hjá sveitarfélögum. Svandís sagði að skólaþjónusta í höndum sveitarfélaga hafi ekki þróast eins og væntingar voru um þegar þau tóku við henni árið 1996. Nú stæði skólaþjónustan á krossgötum, meðal annars vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu við börn og nýrrar menntastefnu.

Svandís sagði að oft væri spurt hvernig fámenn sveitarfélög með dreifðri búsetu ættu að vera þess megnug að standa undir skólaþjónustu. Að hennar mati væri það ekki gild spurning snúi hún að skólaþjónustunni einni. Hin gilda spurning væri hvernig fámenn sveitarfélög með dreifðri búsetu verði þess megnug að standa undir samþættri þjónustu í þágu farsældar barna. Til að svara þeirri spurningu væri ekki hægt að taka einn þátt þjónustunnar út fyrir sviga, heldur yrði að taka tillit til allra þátta hennar.

## Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Í janúarmánuði 2023 skipaði innviðaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, starfshóp um endurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Markmið með vinnu hópsins var að bæta gæði jöfnunar, einfalda útreikninga og skipulag sjóðsins og að sjóðurinn fylgi þróun sveitarfélagagerðarinnar.

Í störfum sínum byggði starfshópurinn á vinnu verkefnisstjórnarinnar sem ráðherra skipaði í aprílmánuði 2021 um endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga. Í stefnumarkandi áætlun í málefnum sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi í janúar 2020 er kveðið á um aðgerð sem ætlað er að styrkja tekjustofna og auka fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélaga.

Starfshópurinn var skipaður fulltrúum innviðaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og með hópnum störfuðu jafnframt aðilar frá ráðuneytinu og Sambandinu.

Starfshópurinn kom saman til fyrsta fundar 27. janúar 2023 og fundaði alls 10 sinnum. Síðasti fundur hans var þann 9. mars 2023 og skilaði starfshópurinn drögum að skýrslu og frumvarpi inn á samráðsgátt stjórnvalda 10. mars 2023.

## Af hverju endurskoðun

Sveitarfélögum eru falin ýmis verkefni samkvæmt lögum. Þær skyldur eru á herðum sveitarfélaganna óháð aðstæðum þeirra, stærð, íbúasamsetningu, staðsetningu o.s.frv. Þá vinna sveitarfélög einnig að sameiginlegum velferðarmálum íbúa eftir því sem fært þykir á hverjum tíma. Þá geta þau sinnt öðrum verkefnum er varða íbúa þeirra, enda sé öðrum ekki falin þau verkefni í lögum.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að geta sveitarfélaga til að sinna verkefnum sínum er misjöfn. Landfræðilegar, lýðfræðilegar og félagslegar aðstæður gera útgjaldaþörf mismunandi. Þá má gera ráð fyrir að fjölmennari sveitarfélög annars vegar og þéttbýlli samfélög hins vegar njóti hagkvæmni umfram önnur. Þá eru tekjuöflunarmöguleikar einnig misjafnir og ekki endilega í samræmi við útgjaldaþörf.

Markviss jöfnun er þannig forsenda þess að öll sveitarfélög geti sinnt lögbundinni þjónustu við íbúa. Hún skapar skilyrði fyrir jafnræði hvað búsetu varðar og jafnar lífsgæði um landið. Yfirfærsla umfangsmikilla verkefna frá ríki til sveitarfélaga hefur enn fremur kallað á jöfnunaraðgerðir. Mikilvægt er að fjárhagslegt jöfnunarkerfi sé hlutlægt og byggi á traustum mælikvörðum og forsendum. Þá er mikilvægt að jöfnunarkerfið rýri ekki athafnafrelsi sveitarstjórna eða dragi úr hvötum til umbóta og framfara.

## Markmið endurskoðunar

Umtalsverðar breytingar voru gerðar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 1990 og segja má að þá hafi sjóðurinn orðið til í núverandi mynd. Síðan Jöfnunarsjóður tók til starfa í núverandi mynd hefur hann fengið sífellt meira vægi í tekjustofnakerfi sveitarfélaga. Helstu breytingar varðandi aukið hlutverk sjóðsins urðu með yfirfærslu grunnskólans árið 1996 og jafnframt í kjölfar yfirfærslu málefna fatlaðs fólks í upphafi árs 2011. Sjóðnum hafa verið falin ýmis önnur hlutverk eins og greiðslu framlaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti og framlög skv. samkomulagi ríkis og sveitarfélaga til eflingar tónlistarnáms. Síðast var sjóðnum falið það aukna hlutverk að greiða sveitarfélögunum framlög til að samþætta þjónustu í þágu barna.

Á þessum tíma hafa jafnframt orðið miklar breytingar á sveitarfélagaskipan. Árið 1990 voru sveitarfélög 204 talsins en um aldamótin síðustu voru þau 124. Í dag eru þau 64 og hefur því fækkað um 60 frá því á árinu 2000. Breytingarnar hafa haft í för með sér að mörg þeirra sveitarfélaga sem hafa sameinast eru með miklar og flóknar útgjaldaþarfir. Mörg þeirra eru með marga þéttbýliskjarna, reka marga skóla sem margir hverjir eru óhagkvæmir í rekstri, svo eitthvað sé nefnt. Enn eru sveitarfélögin þó fámenn í alþjóðlegum samanburði en 10 þeirra eru með íbúafjölda undir 250 og 29 eru með íbúa færri en eitt þúsund.

Líklegt er að sveitarfélögum fækki enn frekar á næstu árum og ljóst er að sjóðurinn þarf að þróast í takt við þær breytingar sem hafa átt sér stað og eiga eftir að eiga sér stað í sveitarfélagagerðinni. Regluverk sjóðsins hefur hins vegar ekki breyst mikið í áranna rás.

Í umfjöllun starfshópsins var lögð áhersla á að jöfnunarkerfið styðji áfram vel við sveitarfélög sem teljast í meðalstærð miðað við núverandi skipan svo og þau sveitarfélög sem hafa fleiri en einn þéttbýliskjarna og flóknar útgjaldaþarfir. Með því er einnig stuðlað að fjárhagslegum hvötum til sameininga í jöfnunarkerfinu. Um leið stuðli jöfnunarkerfið enn frekar að fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga. Eftir sem áður mun Jöfnunarsjóður veita sveitarfélögum framlög á grundvelli byggðasjónarmiða og taka mið af sérstökum aðstæðum sveitarfélaga sem geta verið viðkvæmar.

Enn fremur tekur endurskoðunin mið að því að einfalda regluverkið og auka gagnsæi um forsendur úthlutunar, stuðla að betra samspili ólíkra framlaga og koma í veg fyrir yfirjöfnun – þ.e.a.s. hærri framlög úr sjóðnum en góð rök eru fyrir sé litið á heildarmyndina. Þá tekur vinnan jafnframt mið af því að skerpa á jöfnunarhlutverki sjóðsins að teknu tilliti til mismunandi tækifæra sveitarfélaga til að afla sér tekna á grundvelli útsvars og fasteignaskattstekna. Einnig er stefnt að því marki að framlög sjóðsins endurspegli enn betur útgjaldaþörf með tilliti til ýmissa þátta.

Samantekið má segja að markmið endurskoðunarinnar séu eftirfarandi:

1. Að sjóðurinn fylgi þróun sveitarstjórnarsstigsins.
2. Að sjóðurinn styðji áfram við bakið á meðalstórum sveitarfélögum sem eru með flóknar útgjaldaþarfir.
3. Að í regluverki sjóðsins séu innbyggðir hvatar til sameiningar sveitarfélaga.
4. Að regluverkið stuðli enn frekar að sjálfbærni sveitarfélaga.
5. Að sjóðurinn styðji áfram við veikari byggðir með sérstökum framlögum.
6. Að sjóðurinn styðji við sveitarfélög sem talin eru sinna höfuðstaðahlutverki. Þau eru Reykjavíkurborg og Akureyrarbær.
7. Að framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál taki mið af þróun málaflokksins og njóti sama réttar til framlaga.
8. Að leiðarljós breytinganna verði einföldun regluverks og aukið gagnsæi.

## Tillögur

Í starfshópnum voru teknar til umfjöllunar ýmsar tillögur að breytingum á jöfnunarkerfinu. Lagt var upp með að einskorða vinnu hópsins að mestu við endurskoðun á tekjujöfnunar-, útgjaldajöfnunar- og fasteignaskattsframlagi. Heildarendurskoðun á öðrum framlögum var undanskilin að þessu sinni. Tillaga starfshópsins felur í sér nýtt líkan sem leysir núverandi tekjujöfnunar-, útgjaldajöfnunar- og fasteignaskattsframlög af hólmi. Um er að ræða gagnsætt líkan sem sameinar ofangreind framlög í eitt framlag.

## Markmið og tillaga

- **Einfaldara og gagnsærra kerfi**: Með nýju kerfi verður mikil einföldun á jöfnunarkerfinu. Eitt kerfi tekur við af helstu framlögum sjóðsins (sem eru útgjalda- og tekjujöfnunarframlög og fasteignaskattsframlög) sem eru nú hvert um sig reiknuð út frá ólíkum reglum sem um þau gilda. Nýtt kerfi er einfalt þriggja stoða ferli sem reiknar út heildstætt jöfnunarframlag. Með þessari einföldun á kerfinu mun jafnframt ríkja meira gagnsæi um hver heildarframlög sveitarfélags verði.
- **Betra samspil ólíkra framlaga**: Með því að sameina helstu framlög sjóðsins í eitt framlag næst fram jöfnun á heildstæðari grunni. Í stað þess að tekið sé tillit til einstakra þátta við úthlutun sjóðsins fæst heildrænni nálgun með hinu þriggja stafa kerfi. Þannig er frekar komið í veg fyrir yfirjöfnun, þ.e. hærri einstök framlög en eiga við góð rök að styðjast þegar heildarmyndin er skoðuð.
- **Áframhaldandi stuðningur við millistór og fjölkjarna sveitarfélög**: Almennt hækka framlög til sveitarfélaga að teknu tilliti til eigin tekjujöfnunarmöguleika og jafnframt eykst stuðningur við fjölkjarna sveitarfélög.
- **Sérstakar áskoranir og byggðasjónarmið**: Eftir sem áður verður tekið tillit til sérstakra áskorana og byggðasjónarmiða.

Eins og óhjákvæmilegt er við kerfisbreytingar sem fælust í upptöku nýs jöfnunarlíkans myndu verða áþreifanlegar breytingar á jöfnunarframlögum til sumra sveitarfélaga. Við innleiðingu þyrfti því að gera ráð fyrir aðlögunartímabili þar sem framlög væru reiknuð bæði með nýja líkaninu sem og eldra kerfi

## Tillaga um aðrar breytingar á Jöfnunarkerfinu

Starfshópurinn var sammála um mikilvægi þess að gera aðrar breytingar á jöfnunarkerfinu sem m.a. lúta að breytingum á jöfnunarhlutverki sjóðsins vegna vannýtingar útsvarstekna og að enn fremur sé nauðsynlegt að horfa til sérstakra aðstæðna sveitarfélaga sem glíma við sérstakar áskoranir í rekstri.

## Jöfnun vegna sérstakra áskorana

Jöfnun vegna sérstakra áskorana er ætlað að mæta þeim áskorunum sem ekki verða jafnaðar í nýju líkani sjóðsins. Á þetta helst við þar sem sérstaks byggðarstuðnings er þörf með og þar sem sérstakt höfuðstaðarálag er til staðar. Höfuðstaðir sinna þjónustu sem önnur sveitarfélög sinna í minna mæli, eða alls ekki. Slík þjónusta er til að mynda flókin og margþætt félagsleg þjónusta og þjónusta við heimilislausa. Starfshópurinn telur að slíkt álag eigi helst við um sveitarfélögin Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ, þar sem íbúar nærliggjandi sveitarfélaga sækja gjarnan ákveðna tegund þjónustu til þeirra.

## Íslenska sem annað tungumál

Framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál eru greidd á grundvelli umsókna frá sveitarfélögunum, að Reykjavíkurborg undanskilinni. Árið 2022 veitti Jöfnunarsjóður framlög vegna 3.589 nemenda.

Mikil aukning hefur orðið á þörf fyrir kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál frá yfirfærslu grunnskólans árið 1996. Mikil útgjaldaaukning hefur átt sér stað vegna kennslu þessara nemenda hjá Reykjavíkurborg síðustu árin. Leggur starfshópurinn því til að fyrirkomulagi framlaganna verði breytt með þeim hætti að Reykjavíkurborg hljóti framlög úr sjóðnum vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál enda séu rúmlega 3.000 börn sem þurfa á þessari kennslu að halda í Reykjavík. Reykjavíkurborg þjónustar því stóran hluta þessara nemenda á landsvísu.

## Vannýting útsvars dregin frá framlögum

Starfshópurinn leggur til að nýti sveitarfélag ekki útsvarshlutfall að fullu komi til skerðingar á framlögum úr Jöfnunarsjóði sem nemi vannýttum útsvarstekjum, þ.e. mismuni á útsvari miðað við hámarksálagningu og útsvari miðað við álagningarhlutfall sveitarfélags. Með þessu yrði tekið mið af eigin tekjuöflunarmöguleikum er varðar útsvar við ákvörðun framlaga. Þá mætti kalla sanngirnismál að þeir sem veldu að nýta ekki álagningu útsvars að fullu fengju einhvers konar skerðingu á framlögum til samræmis. Til að mynda má nefna að sum sveitarfélög sem ekki nýta útsvar að fullu fá há framlög sem tengjast yfirfærslu á rekstri grunnskóla.

# Fasteignasjóður

Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var stofnaður í kjölfar yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga þann 1. janúar 2011. Tekjur Fasteignasjóðs eru hlutdeild í tekjum Jöfnunarsjóðs af 1,21% hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert.

Í reglugerð nr. 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs er m.a. kveðið á um skilyrði þess að veittir séu styrkir til sveitarfélaga úr sjóðnum. Sjóðurinn hefur það hlutverk að jafna aðstöðu sveitarfélaga við uppbyggingu eða breytingar á fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk með miklar og/eða sértækar stuðningsþarfir, sbr. 13. gr. b í lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Í reglugerðinni er að finna nánari reglur um starfsemi Fasteignasjóðs en samkvæmt henni er gert ráð fyrir að styrkir verði veittir til eftirtalinna verkefna:

1. Fjármögnun á hlutdeild í stofnframlagi til byggingar búsetukjarna fyrir fatlaða íbúa með mjög miklar og/eða sértækar stuðningsþarfir á móti framlagi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.
2. Jöfnun á íþyngjandi kostnaði vegna langtímaleigusamninga um húsnæði fyrir fatlað fólk sem sveitarfélög yfirtóku samhliða yfirfærslu málaflokksins árið 2011.

3. Stuðningur við nauðsynlegar endurbætur á eldra íbúðarhúsnæði fatlaðs fólks með verulegar þjónustu- og stuðningsþarfir sem gera því kleift að búa áfram á heimilum sínum.
4. Bygging hæfingarstöðva til að sinna lögbundnu hlutverki þeirra til hæfingar fatlaðs fólks.
5. Í öðrum sérstökum undantekningartilvikum sem talin eru falla vel að hlutverki Fasteignasjóðs en falla þó ekki undir lið 1-4 hér að framan.

# Úrbætur í aðgengismálum fatlaðs fólks

Í mars 2021 setti ráðherra nýja reglugerð með nýjum og breyttum ákvæðum um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Meginmarkmið nýrrar reglugerðar var að veita aukinn stuðning til sveitarfélaga vegna úrbóta sem gerðar eru í aðgengismálum fatlaðs fólks. Í upphafi var sérstaklega kveðið á um að Fasteignasjóði væri heimilt, á árunum 2021 og 2022, að úthluta samtals 363 m.kr. í sérstök framlög til:

- Úrbóta á aðgengi fatlaðs fólks að byggingum í eigu sveitarfélaga eða þar sem um er að ræða byggingar í eigu annarra aðila en sveitarfélaga þar sem um samvinnuverkefni sveitarfélaga og einkaaðila er að ræða.
- Úrbóta þannig að biðstöðvar almenningssamgangna verði aðgengilegar öllu fötluðu fólki, svo og útivistarsvæði og almenningsgarðar.
- Úrbóta sem lúta að viðeigandi aðlögun á vinnustöðum fatlaðs fólks, sem starfræktir eru skv. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk.

Í júní árið 2023 undirrituðu Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra, og Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ réttindasamtaka nýtt samkomulag um aukinn stuðning við átaksverkefni stjórnvalda og ÖBÍ um úrbætur um land allt í aðgengismálum fyrir fatlað fólk. Framlenging átaksverkefnisins þýðir að Fasteignasjóðnum er nú heimilt á árunum 2023 og 2024 að úthluta samtals 415 m.kr. í sérstök framlög sem nema 50% af heildarkostnaði tiltekinna framkvæmda sem lúta að þeim verkefnum sem fjallað er um hér að ofan.

Þuríður Harpa sagði við undirritun samkomulagsins: „Við bindum miklar vonir við, og erum viss um að átaksverkefnið muni skila stórbættu og betra aðgengi að manngerðu umhverfi í sveitarfélögunum. Átakið er í raun vitundarvakning og eykur skilning fólks á mikilvægi góðs aðgengis fyrir öll sem um samfélagið fara. Síðast en ekki síst hlýtur það að vera sveitarfélögunum heilmikil hvatning til að gera sífellt betur í aðgengismálum.“

Það er ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem gerir tillögur til ráðherra um úthlutanir sjóðsins til sveitarfélaga.

## Aðkoma Fasteignasjóðs að verkefninu Römpum upp Ísland

Á árinu 2022 var gerð breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 sem heimilar Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs að greiða 50 m.kr. árlega á árunum 2022-2025 til verkefnisins Römpum upp Ísland í þeim tilgangi að bæta aðgengi fyrir fatlað fólk á landsvísu.

Verkefnið hefur gengið framar vonum og er stefnt að því að búið verði að setja upp 1.500 rampa fyrir 11. mars 2025. Í ljósi góðs gengis hefur verið ákveðið að fjármagn berist hraðar til Römpum upp Ísland þannig að 75 m.kr. renni til verkefnisins á árunum 2023 og 2024.

Til að greiða götu verkefnisins hafa fjölmargir styrktaraðilar komið að því og þykir það falla mjög vel að hlutverki Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Fylgjast má með framgangi verkefnisins á rampur.is

## Framlög til eflingar tónlistarfræðslu

Framlögum ríkisins til að efla tónlistarfræðslu er ætlað að gera nemendum kleift að stunda tónlistarnám óháð búsetu og efnahag. Framlagið skal renna til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng ásamt miðnámi í söng.

Í gildi er samkomulag milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um málefni tónlistarskóla en gildistími samkomulagsins er frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2024.

Á samningstímanum greiðir ríkissjóður mánaðarlega framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem ráðstafað er til sveitarfélaga í samræmi við reglur sem innviðaráðherra setur. Framlag ríkisins tekur breytingum skv. almennri verðlagsuppfærslu fjárlaga hverju sinni og er notuð tilfærslureglan 85-15, þ.e. launauppfærsla er 85% og verðlagsuppfærsla 15%.

Framlag ríkisins til eflingar tónlistarfræðslu á árinu 2022 nam 661,6 m.kr. Á móti framlagi ríkisins skuldbinda sveitarfélögin sig til að taka yfir verkefni frá ríki sem nemur 247,1 m.kr. á ársgrundvelli, sbr. viðauka við samkomulagið. Þau verkefni sem sveitarfélögin taka yfir taka jafnframt breytingum skv. almennri verðlagsuppfærslu.

## Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk

Ný reglugerð nr. 192/2023 hefur tekið gildi um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk.

Í 1. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um tekjur Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk og að þær skuli renna í sérdeild innan sjóðsins:

a) Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars er nemur 1,21%.

b) Framlag úr ríkissjóði er nemur 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.

c) Framlag úr ríkissjóði vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA).

Á grundvelli 3. gr. framangreindrar reglugerðar var útreikningur almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2022 með eftirfarandi hætti:

a) 88% skiptust hlutfallslega miðað við niðurstöðu mælinga á útgjaldaþörf.

b) 10,75% skiptust hlutfallslega miðað við áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga árið 2021.

c) 1,25% skiptist hlutfallslega miðað við fjarlægðir innan þjónustusvæða og að teknu tilliti til fjölda sveitarfélaga innan svæða.

Í 2. gr. reglugerðarinnar er ákvæði sem veitir ráðgjafarnefnd heimild til að veita sérstök framlög til svæða ef um verulega íþyngjandi kostnað umfram tekjur er að ræða. Að tillögu ráðgjafarnefndar og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga nam viðbótarframlagið á árinu 2022 samtals 700 m.kr. Framlaginu var ráðstafað á grundvelli rekstrarniðurstöðu þjónustusvæða á árinu 2021.

# Framlög vegna samþættingar á þjónustu barna

Á árinu 2022 úthlutaði sjóðurinn í fyrsta sinn framlögum til sveitarfélaga á grundvelli reglugerðar nr. 1455/2021 til að mæta kostnaði þeirra vegna samþættingar þjónustu við farsæld barna. Þegar farsældarlögin voru samþykkt af Alþingi sumarið 2021 var jafnframt gerð breyting á tekjustofnalögum sem fól í sér að sérstakt framlag frá ríkissjóði bættist við tekjur Jöfnunarsjóðs á árunum 2022-2024 til að standa straum af framlögum vegna samþættingar.

Sérstakur vinnuhópur var skipaður til að koma með tillögur að útreikningi framlaga til sveitarfélaga og samanstóð hann af fulltrúm frá félagsmálaráðuneytinu, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Vinnuhópurinn lagði til að skipting framlaga til sveitarfélaga taki mið af fjórum breytum sem hafa jafnt vægi:

- Fjöldi barna í hverju sveitarfélagi
- Fjöldi barna með stuðning í skólum
- Fjöldi barna á lágtekjuheimilum
- Fjöldi barna af erlendum uppruna

Byrjað var að greiða framlögin á árinu 2022 og er framlagið greitt út í 12 jöfnum greiðslum. Framlag ársins 2022 nam 1,1 ma.kr.

## Samkomulag um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk

Fjármála- og efnahagsráðherra, innviðaráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra undirrituðu í desember 2022 ásamt formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga þriðja samkomulag ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun lögbundinnar þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Í samkomulaginu fólst varanleg tilfærsla fjármuna sem nema 5 ma.kr. árlega frá ríki til sveitarfélaga. Aukið fjármagn berst sjóðnum í gegnum hækkun útsvars sem rennur í Jöfnunarsjóð úr 0,99% í 1,21%.

Það var í nóvember árið 2010 sem ríki og sveitarfélög gengu frá samkomulagi um yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk. Tilfærsla þjónustunnar átti sér stað 1. janúar 2011. Sveitarfélögunum voru tryggðar tekjur til að standa undir þjónustunni með hækkun útsvarshlutfalls sveitarfélaga um 1,20% gegn samsvarandi lækkun á tekjuskattshlutfalli ríkissjóðs. Þar af fóru 0,25% af útsvarshlutfallinu beint til sveitarfélaga en 0,95% fóru í gegnum jöfnunarkerfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Á árunum 2014-2015 var framkvæmt endurmat af hálfu verkefnastjórnar sem skipuð var fulltrúum ríkis og sveitarfélaga. Niðurstaða nefndarvinnu og samningaviðræðna milli ríkis og sveitarfélaga var að gengið var frá nýju samkomulagi um fjármögnun lögbundinnar þjónustu við fatlað fólk í árslok 2015. Samkomulagið fól í sér annars vegar hækkun útsvars sem rennur í Jöfnunarsjóð úr 0,95% í 0,99% og hins vegar var lögbundið framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð hækkað um 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkisins.

## Verkefni Innheimtustofnunar færast til ríkisins

Verkefni Innheimtustofnunar sveitarfélaga mun færast til ríkisins frá og með 1. janúar 2024. Alþingi samþykkti sl. vor lagafrumvarp innviðaráðherra um breytingar á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga og mun sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra á Blönduósi taka að sér stjórnsýsluverkefni stofnunarinnar, en sýslumenn eru innheimtumenn ríkissjóðs.

Markmið með breytingunni er að skapa trausta umgjörð um innheimtu meðlaga og annarra framfærslumeðlaga, einfalda verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, stuðla að jákvæðri þróun starfseminnar og bæta þjónustu við meðlagsgreiðendur.

Lögbundið framlag úr ríkissjóði í Jöfnunarsjóð mun lækka 1. Janúar nk. úr 2,111% í 2,036%.

# NPA

Frá árinu 2013 hefur Jöfnunarsjóður greitt þjónustusvæðum/sveitarfélögum framlög vegna samninga þeirra við fatlað fólk um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).

### Framlög vegna NPA 2013-2022
**M.kr.**




# Tekjur Jöfnunarsjóðs

Á grundvelli 8. gr. a. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, eru Jöfnunarsjóði tryggðar tekjur með eftirfarandi hætti:

a) Framlag úr ríkissjóði er nemur 2,111% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
   (Þar af skal fjárhæð er nemur 0,235% af innheimtum skatttekjum renna til málefna fatlaðs fólks.)
b) Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.
c) Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars ár hvert:
   1. er nemur 0,77% til jöfnunar vegna reksturs grunnskóla,
   2. er nemur 1,21% til jöfnunar vegna málefna fatlaðs fólks.
d) Vaxtatekjur.

Á árinu 2022 komu jafnframt tekjur frá ríkissjóði vegna framlaga til eflingar tónlistarfræðslu að fjárhæð 661,6 m.kr., framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) og lengdrar viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda að fjárhæð 748,4 m.kr.

Þá var á árinu 2022 varið sérstöku viðbótarframlagi úr ríkissjóði beint í Jöfnunarsjóð til að koma til móts við aukin framlög sjóðsins vegna sameiningar sveitarfélaga. Framlagið á árinu 2022 var 285 m.kr. Jafnframt barst sjóðnum framlag að fjárhæð 1.100 m.kr. vegna samþættingar á þjónustu við börn og 25 m.kr. framlag vegna innviðauppbyggingar á Sólheimum í Grímsnesi.

**Þróun tekna Jöfnunarsjóðs 2017-2023**
**M.kr. á verðlagi hvers árs**




Tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er varið til að greiða framlög úr sjóðnum á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 1088/2018. Sérstakar reglugerðir og reglur kveða nánar á um greiðslur einstakra framlaga og er þeirra getið sérstaklega.

# Yfirlit yfir framlög Jöfnunarsjóðs

Á grundvelli reglugerðar nr. 1088/2018 er framlögum sjóðsins skipt í bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög, jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla og jöfnunarframlög vegna málefna fatlaðs fólks.

## Bundin framlög skv. 6. gr.

Bundin framlög eru greidd til eftirtalinna samtaka og stofnana sveitarfélaga:

- Sambands íslenskra sveitarfélaga
- Landshlutasamtaka sveitarfélaga
- Innheimtustofnunar sveitarfélaga
- Umsjónarnefndar eftirlauna
- Húsafriðunarsjóðs

## Bundin framlög 2017-2023 í m.kr.

| | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | áætlun 2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Samband íslenskra sveitarfélaga | 425 | 451 | 473 | 479 | 515 | 583 | 647 |
| Landshlutasamtök | 246 | 258 | 269 | 260 | 284 | 326 | 364 |
| Innheimtustofnun sveitarfélaga | 397 | 404 | 473 | 627 | 477 | 669 | 750 |
| Umsjónarnefnd eftirlauna | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 53 | 1 |
| Húsafriðunarsjóður | 51 | 52 | 54 | 55 | 55 | 56 | 58 |
| **Samtals** | **1.121** | **1.166** | **1.270** | **1.421** | **1.333** | **1.688** | **1.820** |

# Sérstök framlög skv. 7. gr.

Sérstök framlög eru greidd sveitarfélögum vegna sérstakra aðstæðna í umhverfi þeirra eða rekstri. Sérstök framlög eru:

- **Framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. reglur nr. 782/2020, með síðari breytingum**: Á árinu 2022 voru greidd framlög til átta sameinaðra sveitarfélaga og í fjórum tilfellum þar sem unnið var að sameiningu á árinu.
- **Framlög til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga í samræmi við tillögur eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga**: Veitt var framlag til eins sveitarfélags á árinu 2022.
- **Framlög til greiðslu stofnkostnaðar við vatnsveitur á lögbýlum, sbr. reglugerð nr. 180/2016, með síðari breytingum**: Matvælastofnun annast stjórnsýslu varðandi meðferð umsókna og tillögugerð að úthlutun framlaganna.
- **Framlög til jöfnunar á tekjutapi einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti í kjölfar breytinga á álagningarstofni mannvirkja, sbr. reglugerð nr. 80/2001, með síðari breytingum**: Við útreikning framlaganna er tekið mið af álagningarprósentum fasteignaskatts á viðkomandi ári.
- **Framlög til sérstakra verkefna á vegum sveitarfélaga eða samtaka þeirra sem geta haft mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og leitt til frekari hagræðingar í rekstri þeirra og þjónustu**: Hér undir fellur m.a. framlag til rekstrar skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel. Nýtt samkomulag tók gildi 1. janúar 2022 milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðuneytisins um starfsemina í Brussel og gildir samkomulagið til 31. desember 2024. Þá falla framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga, vegna samstarfsverkefna sem þau hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríkið og tengjast sóknaráætlunum landshluta, til sérstakra verkefna. Á árinu 2022 voru jafnframt greidd framlög til Sambandsins vegna stafræns breytingastjóra og vegna verkefna sem tengjast heimsmarkmiðum SÞ.
- **Framlög til eflingar á tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda**: Úthlutun framlaga á árinu 2022 fór fram á grundvelli reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda.
- **Framlög vegna samþættingar á þjónustu við börn** falla jafnframt undir sérstök framlög.

### Sérstök framlög 2017-2023 í m.kr.

| | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Áætlun 2023 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Framlög vegna sameininga sveitarfélaga | 196 | 413 | 328 | 441 | 536 | 1.124 | 1.000 |
| Framlög vegna samþættingar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1.100 | 1.100 |
| Framlög vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga | 160 | 0 | 0 | 7 | 41 | 47 | 150 |
| Framlög til vatnsveitna á lögbýlum | 25 | 24 | 21 | 17 | 21 | 30 | 32 |
| Framlög til jöfnunar á tekjutapi v. fasteignaskatts | 4.570 | 4.715 | 4.685 | 4.524 | 5.021 | 5.797 | 6.493 |
| Framlög til sérstakra verkefna | 60 | 114 | 133 | 1.323 | 75 | 106 | 130 |
| Framlög til sveitarfélaga af skatti á fjármálafyrirtæki | 650 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Framlög til eflingar tónlistarfræðslu | 537 | 545 | 557 | 572 | 586 | 662 | 679 |
| **Samtals** | **6.198** | **5.810** | **5.723** | **6.884** | **6.280** | **8.866** | **9.584** |

## Jöfnunarframlög skv. 8. gr.

Til jöfnunarframlaga er varið þeim tekjum Jöfnunarsjóðs skv. a- og b-lið 4. gr. sem eru umfram ráðstöfun skv. 6. og 7. gr. reglugerðar nr. 1088/2018, sbr. eftirfarandi:

- **Tekjujöfnunarframlögum** er úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Reiknuð framlög eru miðuð við sambærileg sveitarfélög og fullnýtingu tekjustofna þeirra. Einungis kemur til úthlutunar framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.
- **Útgjaldajöfnunarframlögum** er varið til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra þátta sem áhrif hafa á útgjaldaþörf. Framlögunum er skipt í A- og B-hluta. Undir A-hluta falla framlög tengd íbúafjölda, framlög vegna fjarlægða, fjölda þéttbýlisstaða, fækkunar og fjölgunar íbúa og snjómoksturs í þéttbýli. Undir B-hluta falla framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli. Úthlutun þeirra framlaga fer fram á grundvelli sérstakra vinnureglna. Jafnframt voru greidd framlög vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks úr dreifbýli.

### Þróun jöfnunarframlaga 2017-2023
**M.kr. á verðlagi hvers árs**



## Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla skv. 9. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. 1. tölul. c-liðar 4. gr., að frádregnu bundnu framlagi til Sambands íslenskra sveitarfélaga, er varið til þess að jafna launakostnað sveitarfélaga vegna kennslu í grunnskólum og annan kostnað af flutningi grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga, sbr. reglugerð nr. 351/2002, með síðari breytingum. Eftirfarandi framlög voru veitt á grundvelli reglugerðarinnar:

- **Almenn framlög**: Til almennra framlaga var varið 76,1% af því fjármagni sem Jöfnunarsjóður hafði til ráðstöfunar á árinu 2022 til greiðslu framlaga til reksturs grunnskóla.
- **Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda**: Sérstök viðbótarframlög vegna mikillar þjónustuþarfar fatlaðra grunnskólanemenda og framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings vegna yfirtöku á rekstri sérskóla/sérdeilda.
- **Framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál**: Viðbótarframlög vegna sérstakrar kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál og framlag til Menntamálastofnunar á grundvelli samnings vegna starfa kennsluráðgjafa og verkefnastjóra.
- **Framlag vegna reksturs skólabúða að Reykjum**: Framlag er greitt á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu grunnskólans og samnings við Húnaþing vestra sem er rekstraraðili skólabúðanna.
- **Framlag til Barnaverndarstofu**: Framlag er greitt vegna kennslu barna sem vistuð eru af stofnuninni utan lögheimilissveitarfélags og er framlagið síðan innheimt af viðkomandi sveitarfélagi.
- **Önnur framlög**: Framlög eru greidd vegna íþyngjandi kostnaðar við rekstur grunnskóla og til einstakra verkefna.

### Framlög til reksturs grunnskóla 2022
**M.kr.**



## Jöfnunarframlög vegna málefna fatlaðs fólks skv. 11. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs, skv. 2. tölul. c-liðar 4. gr. og 0,235% af framlagi úr ríkissjóði, að frádregnum kostnaði tengdum flutningi málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga, er varið til jöfnunar vegna þjónustu við fatlað fólk með greiðslu framlaga til einstakra sveitarfélaga og þjónustusvæða, sbr. reglugerð nr. 192/2023. Eftirfarandi framlög voru veitt á grundvelli reglugerðarinnar:

- **Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk**: Til almennra framlaga var varið um 93% af því fjármagni sem Jöfnunarsjóður hafði til ráðstöfunar á árinu 2022 til greiðslu framlaga vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks.
- **Framlög vegna breytingakostnaðar**: Framlögin ná til ýmissa kostnaðarþátta vegna yfirfærslunnar, sérfræðiaðstoðar og framlags til Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- **Framlög vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar**: Á árinu 2022 komu til greiðslu framlög vegna NPA-samninga sem í gildi voru á árinu 2022. Um 127,8 m.kr. af framlaginu frá ríki vegna NPA voru óhafnar í árslok 2021 og eru því til ráðstöfunar á árinu 2022.
- **Framlög vegna lengdrar viðveru**: Framlögin greiðast vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólanemenda.
- **Framlög til Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**: Framlögin nema svipaðri fjárhæð og var áður til ráðstöfunar hjá Framkvæmdasjóði fatlaðra á grundvelli fjárlaga.
- **Stofnkostnaðarframlög vegna málefna fatlaðs fólks**: Framlögunum er ætlað að jafna aðstöðu sveitarfélaga við uppbyggingu eða breytingar á fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk.

### Framlög vegna þjónustu við fatlað fólk 2022
**M.kr.**



# Notendastýrð persónuleg aðstoð

Á grundvelli 5. gr. reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk nr. 192/2023, greiddi Jöfnunarsjóður sveitarfélaga þjónustusvæðum/sveitarfélögum framlög á árinu 2022 vegna samninga þeirra við fatlað fólk um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Alls sóttu þrettán þjónustusvæði um framlag vegna 87 samninga og nam úthlutað framlag vegna NPA á árinu 2022 samtals 840,9 m.kr. Samningum fækkaði um fjóra frá fyrra ári.

Framlögin voru fjármögnuð með óráðstöfuðum fjárveitingum úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs vegna verkefnisins, ásamt sérstöku framlagi frá ríki. Verður það einnig gert á árinu 2023.

### Framlög vegna NPA árið 2022

| Þjónustusvæði | Fjöldi samninga | Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga |
|---|---:|---:|
| Reykjavíkurborg | 29 | 344.951.945 |
| Kópavogsbær | 6 | 60.027.569 |
| Garðabær | 4 | 40.431.804 |
| Hafnarfjarðarkaupstaður | 19 | 161.890.030 |
| Mofellsbær | 9 | 39.524.360 |
| Reykjanesbær | 1 | 16.750.654 |
| Snæfellsbær | 1 | 5.890.478 |
| Vestfirðir | 1 | 17.129.473 |
| Skagafjörður | 4 | 24.950.072 |
| Fjallabyggð | 1 | 12.897.989 |
| Akureyri og nágrenni | 8 | 59.820.444 |
| **Samtals** | **87** | **840.917.368** |

# Heildarframlög til sveitarfélaga

Á myndinni hér á eftir má sjá þróun heildarframlaga úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélaga á árunum 2009 til 2023. Framlög til sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði á árinu 2022 námu um 62.563 m.kr. að meðtöldum framlögum til þjónustusvæða og sveitarfélaga vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Áætluð framlög til sveitarfélaga á árinu 2023 að meðtöldum framlögum vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks nema samtals um 71.191 m.kr.

### Þróun heildarframlaga til sveitarfélaga 2009-2023
**M.kr. á verðlagi hvers árs**



### Framlög eftir landshlutum 2022
**Krónur pr. íbúa**




# Fjárhagsleg aðstoð vegna sameiningar sveitarfélaga

Samkvæmt reglum nr. 782/2020 er Jöfnunarsjóði heimilt að veita fjárhagslega aðstoð til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga með eftirfarandi hætti:

1. Undirbúningur og framkvæmd sameiningar.
2. Óskert tekju- og útgjaldajöfnunarframlög.
3. Skuldajöfnunarframlag.
4. Endurskipulagning þjónustu og stjórnsýslu.
5. Byggðaframlag.

Í meðfylgjandi töflu má sjá hvað kæmi í hlut hvers sveitarfélags samkvæmt reglunum óháð því hvaða sveitarfélagi það sameinast.

### Framlög vegna fjárhagslegrar aðstoðar í kjölfar sameiningar sveitarfélaga
**M.kr.**

| Nr. | Landshluti | Íbúa-fjöldi 1.1.2023 | Skuldajöfn-unarframlag | Fast framlag til sveitarf. | Byggða-framlag | Samtals framlag v sameiningar |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 0 | Reykjavíkurborg | 139.875 | 400 | 100 | 192 | 692 |
| 1000 | Kópavogsbær | 39.810 | 400 | 100 | 109 | 609 |
| 1100 | Seltjarnarneskaupstaður | 4.674 | 400 | 100 | 200 | 700 |
| 1300 | Garðabær | 18.891 | 400 | 100 | 0 | 500 |
| 1400 | Hafnarfjarðarkaupstaður | 30.568 | 400 | 100 | 200 | 700 |
| 1604 | Mosfellsbær | 13.430 | 400 | 100 | 0 | 500 |
| 1606 | Kjósarhreppur | 285 | 7 | 100 | 0 | 107 |
| 2000 | Reykjanesbær | 22.059 | 400 | 100 | 0 | 500 |
| 2300 | Grindavíkurbær | 3.669 | 0 | 100 | 14 | 114 |
| 2506 | Sveitarfélagið Vogar | 1.396 | 397 | 100 | 8 | 505 |
| 2510 | Suðurnesjabær | 3.925 | 400 | 100 | 0 | 500 |
| 3000 | Akraneskaupstaður | 7.997 | 400 | 100 | 40 | 540 |
| 3506 | Skorradalshreppur | 75 | 12 | 100 | 0 | 112 |
| 3511 | Hvalfjarðarsveit | 765 | 0 | 100 | 0 | 100 |
| 3609 | Borgarbyggð | 4.090 | 233 | 100 | 39 | 372 |
| 3709 | Grundarfjarðarbær | 861 | 370 | 100 | 115 | 585 |
| 3713 | Eyja- og Miklaholtshreppur | 114 | 0 | 100 | 30 | 130 |
| 3714 | Snæfellsbær | 1.678 | 261 | 100 | 74 | 435 |
| 3716 | Sveitarfélagið Stykkishólmur | 1.308 | 400 | 100 | 73 | 573 |
| 3811 | Dalabyggð | 653 | 2 | 100 | 89 | 192 |

Framhald töflu á næstu síðu.

